



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

30. ÁRG. 3. TBL. Aðventa 2009



Aðventan undirbúin í kirkjunni okkar

**Takið eftir
aðventudagskrá
Seljakirkju í
miðopnu**

Undirbúum jólin, rétt og vel!

Jólin eru hátíð trúar. Helgi jólanna er byggð á því að snerta það innsta og dýpsta í manneskjunni, þar sem eru ást, kærleikur, vinátta, tryggð, allt það sem er nálægt því helga. Þar er trúin. Þær minningar sem fólk á bestar um jólin tengjast því sem byggt er á því heilaga. Sé reynt að halda hátíð án þess að rækja hina heilögu þætti, þá verður lítið eftir. Í íslensku samfélagi er nokkur hætta á að svo geti orðið og að sú gleði jólanna,

sem okkur er ætluð, hverfi í því sem skilur ekkert eftir. Á aðventunni er undirbúningstími heilagra jóla. Starf kirkjunnar þinnar er ætlað til þess að styðja þann undirbúning og efla það heilaga. Það er hollt að taka þátt í því starfi. Sjáumst í kirkjunni okkar á aðventunni til þess að undirbúa jól þar sem helgin er, allt það dýrmætasta. Notum aðventuna vel.

Valgeir Ástráðsson

Fyrsti sunnudagur í aðventu 29. nóvember



Barnaguðspjónusta kl. 11

Almenn guðspjónusta kl. 14.

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar og þjónar fyrir altari.
Einsöng syngur Gissur Páll Gissurarson.

Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn. Organisti: Tómas Guðni Eggertsson.
Altarisganga

Guðspjónusta í Skógarbæ kl. 16.

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn. Organisti: Tómas Guðni Eggertsson.

Aðventukvöld kl. 20.

Fjölbreytt aðventudagskrá:

Kór Seljakirkju syngur. Stjórnandi er Tómas Guðni Eggertsson.
Seljur, kór kvenfélagsins, syngja undir stjórn Svövu Ingólfsdóttur.

Félagar úr æskulýðsfélaginu Sela sýna leikþátt.
Haukur Ísfeld les aðventusögu. Hugvekju flytur Ástríður Jónsdóttir.

Annar sunnudagur í aðventu 6. desember



Barnaguðspjónusta kl. 11

Almenn guðspjónusta kl. 14.

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar og þjónar fyrir altari.
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn. Organisti: Tómas Guðni Eggertsson.

Aðventusamkoma kl. 20.

Séra Valgeir Ástráðsson og Tómas Guðni Eggertsson
flytja aðventudagskrá í tali og tónum ásamt söngkonunum
Maríu Jónsdóttur og Önnu Margræti Óskarsdóttur

Tökum þátt í aðventu



Priðji sunnudagur í aðventu 13. desember

Barnaguðspjónusta kl. 11

Almenn guðspjónusta kl. 14.

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Nemendur úr Tónskóla Eddu Borg flytja tónlist.

Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn.

Organisti: Tómas Guðni Eggertsson.

Kvöldguðspjónusta kl. 20.

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Þorvaldur Halldórsson leiðir tónlistina ásamt Kór Seljakirkju.

Altarisganga.

Fjórði sunnudagur í aðventu 20. desember



Barnaguðspjónusta kl. 11

Lúðrasveit Austurbæjar leikur
undir stjórn Vilborgar Jónsdóttur.

Almenn guðspjónusta kl. 14.

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Graduale Futuri barnakór Langholtskirkju og barnakór Seljakirkju syngja
undir stjórn Rósu Jóhannesdóttur og Önnu Margrétar Óskarsdóttur.

**Aðventutónleikar Karlakórsins
Fósbræðra í Seljakirkju kl. 17.**

Stjórnandi er Árni Harðarson.

Einsöngur: Þóra Einarsdóttir.

Undirleikari: Tómas Guðni Eggertsson

Séra Valgeir Ástráðsson flytur hugvekj.

samkomum kirkjunnar

Aðventukransinn

Á aðventunni kveikjum við á aðventukransinum, einu kerti, hvern sunnudag aðventunnar. Kertin fjögur eru til þess að minna okkur á boðskap aðventunnar, undirbúningstíma jólanna. Þess vegna hafa kertunum verið gefin nöfn til þess að leggja áherslu á þann boðskap.

1. Spádómskertið.

Áminning þess er að koma Jesú Krists hafi verið undirbúin um aldirnar, þar sem spámenn Drottins sögðu frá honum. Aðventan er undirbúningstíminn til að taka á móti frelsaranum.

2. Betlehemskerðið


Það bendir til staðarins á jörðu, þar sem frelsarinn fæddist. Guð kom til jarðarinnar. Þar getum við tekið á móti honum í Jesúbarninu. „Vil ég mitt hjarta vaggan sé“.

3. Fjárhirðakerðið

Fjárhirðarnir voru fyrstu mennirnir, sem fréttu af fæðingu Jesú. Þeir tignuðu barnið í jötunni og miðluðu öðrum fréttunum um fæðinga frelsarans. Það eigum við einnig að gera.

4. Englakerðið.

Englarnir sungu Guði lof á heilögum jólum. Þá snertust himinn og jörð. Þegar við syngjum jólasálmanna erum við að gera það sama og englarnir gerðu. Þá mætast himinn og jörð hjá okkur mönnum.



Jólaort Seljakirkju

Eins og áður eru jólaort Seljakirkju seld á aðventunni. Nú í ár hafa ýmsar gerðir kortanna verið settar saman til sölu. Með jólaortum kirkjunnar okkar minnum við á það starf sem unnið er í kirkjunni, boðskapinn um Jesú Krist, boðskap jólanna. Allur ágóði af sölu jólaortanna rennur til styrktar safnaðarstarfinu. Kortin eru seld í kirkjunni og verslunum, 8 stk. kosta 500 kr.

Jólasöfnun Hjálparstarfsins

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er fölginn í því að sendir eru giróseðlar inn á öll heimili landsins. Upphæðin á seðlinum er 2.500 krónur. Helmingurinn rennur til vatnsverkefna í Afríku og helmingurinn til aðstoðar innanlands. Hreint, tært og frískandi vatn er undirstaða alls lífs í heiminum. Fyrir utan að greiða heimsenda giróseðla er hægt að fara á framlag.is og velja málefnið sem gjöfin á að renna til, gefa gjafabréf í jólagjöf á gjofsemgefur.is. Jafnframt má benda á að gömlu góðu söfnunarbaukana er hægt að fá hjá Hjálparstarfi Kirkjunnar. Stöndum saman og réttum hjálparhönd - heima og erlendis.

Friðarljós frá Betlehem

Eins og undanfarin ár verður tundrað í kirkjunni okkar lifandi ljós sem kemur alla leið frá Betlehem, fæðingarstað frelsarans. Það ljós er í vörslu skáta og flutt í margar kirkjur við aðventubyrjun og látið loga fram yfir þrettánda. Það er táknrænt og á vel við að friðarljósið minni okkur á boðskapinn frá Betlehem og þá miklu fylkingu sem kristnir menn eru um gjörvalla jörð og þá ábyrgð sem því fylgir að vera kristin manneskja. Í Seljakirkju er ljósið látið loga á altarinu. Hafi þeir skátar þökk fyrir sem svo vel vinna að því.

Aðventuguðsþjónustur skólanna

Guðsþjónustur grunnskólanna og leikskólanna eru ánægjulegir fastir liðir í adventudagskrá Seljakirkju. Það er allt vel undirbúið af nemendum og starfslíði í samráði við starfsfólk kirkjunnar. Foreldrar og aðrir sem njóta vilja góðra stunda eru þar auðfúsugestir. Guðsþjónustur grunnskóla og leikskóla verða þessar: **Þriðjudaginn 15. desember** eru guðsþjónustur fyrir Ölduselsskólann. Kl. 8:50 eru 3. og 4. bekkur, kl. 10, 1. og 2. bekkur og kl. 11:20, 5., 6. og 7. bekkur. **Miðvikudaginn 16. desember** eru guðsþjónustur Seljaskólans, kl. 9 fyrir 1. og 2. bekk, kl. 10:30, 4. og 6. bekk og kl. 12:45, 3. og 5. bekk. **Fimmtudaginn 17. desember** kl. 9:30 og kl. 10:45 eru guðsþjónustur leikskólanna. Guðsþjónustur unglíngadeilda Seljaskólans og 7. bekk eru **föstudag 18. desember** kl. 10 og fyrir unglíngadeildir Ölduselsskóla kl. 11.



Hressir KFUM strákar í Seljakirkju



Safnaðartíðindi Seljasóknar
30. árg. 3. töl. Aðventa 2009

Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Astráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórssón
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.